

Áfangi: HES102 – vorönn 2011

Heimspeki; Gagnrýnin hugsun og vísindi.

Undanfari: SIÐ102

Kennari: Kristján G. Arngrímsson

Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á helstu hugtökum og viðfangsefnum heimspekinnar, og nokkra færni í beitingu þeirra. Byrjað verður á þekkingarfræði Platóns og Aristótelesar, síðan hugað að rökhyggju Descartes og raunhyggju Humes, auk hugmynda Kants um sjálfstæði skynseminnar. Svo verður fjallað á gagnrýninn máta um vísindalega þekkingu, hvernig hún verður til, og hvernig vísindalegar framfarir verða. Lesnir verða kaflar (í íslenskri þýðingu) úr bók Thomas Kuhn, *Vísindabyltingar*. Hugað verður að gagnrýni “póstmóðernista” á vísindahyggju og algildan sannleika, og viðbrögðum vísindamanna við meintu “tískubullí” og gervivísindum.

Kennslubók:

Heimspekisaga, e. Skirbekk og Gilje, auk efnis á netinu og frá kennara.

Námsmat:

Einstaklings- og hópaverkefni (60%); drög að lokaritgerð (10%); lokaritgerð (30%).